



Jólagjöf Skruggu

Sjónrænn söguþráður

Upplýsingar um skynsegin sýningu á Jólagjöf Skruggu

EFNISYFIRLIT

- Myndir af leikhópi í eigin klæðnaði og í búningum
- Almennar upplýsingar um sýninguna
- Yfirlit framvindu
- Tengiliðir



LEIKHÓPUR




Katla Þórudóttir
Njálsdóttir
Bergrós



Hallgrímur Ólafsson
Bergsteinn



Örn Árnason
Skrugga



Júlía Eldon
Logadóttir
Barn



ALMENNAR UPPLÝSINGAR

- **Skynsegin sýningarhald**

Skynsegin sýning á Jólagjöf Skruggu verður laugardaginn 6. desember kl. 15.00

- **Þetta þýðir að:**

Hurðir inn í áhorfendasal verða opnar alla sýninguna. Áhorfendum er frjálst að fara inn og út eftir þörfum

Þögult rými hefur verið undirbúið í framhúsi á sömu hæð og áhorfendasalurinn

Samþykki og virðing er borin fyrir því að það hentar ekki öllum að sitja kjurr og horfa á sýninguna


Hreyfingar og hljóð eru í góðu lagi á þessari sýningu

Upplýsingar um skynsegin sýningarhald má nálgast á vefnum eða hjá miðasölu

Leikföng fyrir eirðarlausar hendur eru velkomin með í leikhúsið

- **Tími**

Leiksýningin í heild sinni tekur um það bil 45 mín. Það er ekkert hlé



- **Umfjöllunarefni og/eða notkun tæknibúnaðar**

Í sýningunni leikur Örn Árnason ógnvekjandi norn í örstutta stund og með henni koma snögglega þrumuhljóð og ljóseldingar

Í sýningunni er karakter sem heitir Skrugga og er ófrýnileg tröllkerling leikin af Erni Árnasyni. Hún er grýluleg persóna sem talar mikið um að þola alls ekki börn.

Í sýningunni er Jólaköttur leikinn af tveimur leikurum og talað er um að hann ætli að éta barn sem fær ekki ný föt fyrir jólin. Sniðugt gæti verið að ræða það að jólakötturinn er ekki til í alvöru fyrir sýninguna.

Það eru hraðar ljósabreytingar nokkuð reglulega. Nákvæmlega hvenær er listað síðar í þessu hefti.

Það koma óvænt hljóð reglulega. Nákvæmlega hvenær er listað síðar í þessu hefti.

- **Tónlist og hljóð**

Það eru notuð allskonar hljóð í sýningunni. Þar á meðal:

Tónlist úr hátölurum

Tónlist spiluð af leikara á píanó annarsvegar og ukulele hinsvegar

Hljóð úr handknúinni vindvél

Hljóðmynd úr hátölurum, óveður ofl.



VIÐVARANIR

- **Ljós**

Mismunandi ljós eru notuð í sýningunni. Þar á meðal:

- Ljós úr ljóskösturum úr lofti og á gólfi
- Blá lýsing er mikið notuð í sýningunni
- Ljós úr ljóskastara sem leikari heldur á og stýrir sem lýst er út í sal.

Blikkandi ljós (strobe) í stutta stund en nokkrum sinnum í sýningunni.

- Litrík ljós (aðallega rauð og græn) sem flökta í stutta stund, svipuð diskóljósum
- Notast er við myndbönd sem er varpað aftast á sviðið.



LEIKMYND



YFIRLIT FRAMVINDU

- **Ef þú vilt ekki vita framvindu sögunnar skaltu sleppa því að lesa þetta!**

Tekið skal fram að ljós verða í salnum alla sýninguna og því verður aldrei almyrkvað í salnum þó styrkur sviðsljósa breytist og lækki.

Í upphafi kemur Örn Árnason og bíður okkur velkomin og kynnir aðra leikara. Hann talar við okkur um það við hverju megi búast í leikhúsinu og í þessari sýningu.

Þegar hann klárar **er klappað og eftir það heyrum við hljóð eins og það sé verið að saga og hamra, smíða leikmynd á bakvið tjöldin.**

Næst heyrum við í Bergsteini leikhúsálfi birtist á milli leikhústjaldanna á miðju sviði. Hann spjallar aðeins við áhorfendur og segist meðal annars vera ósýnilegur fullorðnu fólki. **Á meðan dofna ljós í sal og leikhúsljós skín á Bergstein.**

Bergrós birtist á milli leikhústjaldanna. Þegar að hún segir: „ljós, hljóð og inn“ og fer á bak við tjaldið aftur **kveikir Bergsteinn á kastara** sem hann heldur á.

Bergrós kemur fram fyrir tjaldið. Bergrós býður fólki velkomið og spjallar. **Á meðan lýsir Bergsteinn ljósinu tvisvar sinnum út í sal og í augun á áhorfendum.** Ljosið er hvítt í millistyrk.

Þau syngja nokkur lög úr eldri barnasýningum og Bergsteinn **spilar undir á ukulele.** Bergrós dansar á meðan.

Eftir að hafa sungið lögin segir Bergrós frað þau elski drama og þá kemur **blá lýsing.**

Beint á eftir segir hún að þau elski gleðina. **Ljósinn verða aftur hvít.**

Það kemur aftur blá lýsing þegar hún segir „við förum að gráta“. Og hún þykist gráta með miklum tilþrifum. **Segir hratt og hátt** „og við verðum hrædd!!“.



Bergsteinn talar um að vera tæknimaður. Hann segir „Eins og ljósin”. **Þá flökkta ljós í ólíkum litum um sviðið. Hann glamrar á hljómborð og talar í hljóðnema.**

Bergrós segir „Sýndu þeim nótt,” **þá lækka ljósin mikið og verða öll blá.**

Bergrós segir „og dag!” **Ljós verða aftur hvít og björt.**

Bergrós biður Bergstein að sýna hvernig þau búa til storm en Bergsteinn misskilur og **spilar lag eftir Unu Torfa á píanóið og syngur með.**

Hann misskilur tvisvar í vibót og **spilar bót úr „Eltum veðrið” og „Dansaðu vindur”.**

Loksins skilur hann hvað Bergrós meinar og snýr vindvél og **þá kemur hljóð eins og í roki og ljósin dempast og flökta.**

Bergrós segir „**Og rigningu**” og **þá kemur rigningarhljóð og það rignir aðeins úr garðkönnu sem hangir í loftinu á sviðsgólfíð.**

Bergrós segir „Og þrumur og eldingar!”. **Þá kemur þrumuhljóð og smávegis strobe í ljósunum í um 5 sekúndur. Þá fara ljós til baka í hvítt og bjart.**

Bergrós segir „Við eigum meira að segja okkar eigið leikhúsálfalag!” **Þá hefst Leikhúsálfalagið með undirspili úr hátölurum. Í laginu breytast ljósin nokkrum sinnum og í miðju lagi opnar Bergrós aðeins tjöldin svo sést í reyk og dempaða lýsingu á bakvið.**

Þegar lagið hefst **lækka ljósin aðeins.** Þegar þau byrja að syngja **koma ljósin upp skýr og fölblá.** Í laginu breytast ljósin nokkrum sinnum rólega og mjúklega.

Í miðju lagi opnar Bergrós aðeins tjöldin svo sést í **leikhúsreyk og dempaða lýsingu á bak við.**



YFIRLIT FRAMVINDU

Undir lok lagsins **blikka hvít ljós til skiptis um allt sviðið. Hægt og mjúklega.**

Þegar lag klárast **klappa áhorfendur.**

Þau kynna svo leikritið sitt „Jólagjöf Skruggu“ og ræða saman um það. Takast aðeins á en engin læti.

Þau sjá að Örn Árnason situr í áhorfendasalnum og **ljósin hækka í áhorfendasal.**

Þau og biðja hann um að leika Skruggu fyrir sig sem hann er til í. **Áhorfendur klappa Örn upp á svið.**

Bergrós biður hann að leika svipaða norn og nornina í Hans og Grétu og Örn fær skuplu á höfuðið og breytist í hrikalega norn. Þegar Örn snýr sér koma **hávær þrumuhljóð og örstutt eldingaljós (strobe). Bergsteinn öskrar upp yfir sig.**

Þegar Örn fer á bakvið tjaldið **glamrar Bergsteinn handahófskennt á hljómborðið.**

Bergrós stendur fyrir framan tjaldið og kynnir leikritið Jólagjöf Skruggu og **ljósin á sviðinu dempast og verða bláleit. Lág róleg tónlist spilast undir. Fiðlur og klukkuspil.**



Bergrós segir að uppi á heiðinni sé lítið saklaust barn og dregur frá tjöldin. **Tónlist heldur áfram lágt, ljós lækka mikið og blátt ljós þekur svið á bak við tjöld. Leikhúsreykur liðast um gólfið bak við tjöldin.** Þá birtist brúða sem Bergrós heldur á.

Myndbandi af snjóstormi er varpað á vegg aftast á sviðinu. Tónlist eykst og drungalegt selló bætist við á meðan Bergrós talar. Bergrós syngur sem brúðan um barn sem er vilt í óveðri.

Vindvél blæs á sviðið frá vinstri hönd og feikir reyknnum.

Í miðju lagi lyftist hvít slæða yfir sviðið og alvöru leikkona, sem er barn, birtist í stað brúðunnar. **Hún tekur við söngnum.**

Hún leikur að hún sé týnd í óveðri. **Tónlistin með drungalegu selló heldur áfram.**

Myndband af húsi sem nálgast okkur rólega er varpað á bakvegg.



Barnið bankar á hurð. **Örn sem Skrugga hrópar að henni að hunskast í burtu.** Þær eiga í samskiptum með hurð á milli sín.

Þegar stelpan kallar hana „góða og yndislega konu“ **kemur vindhviða og snjór, það dempast ljósin og verða blá. Það koma vindhljóð, fýkur stelpa inn í húsið.**

Skrugga hrópar undir vindhljóðum á meðan barnið feykist inn. 5 sekúndur.

Ljósin verða aftur björt. Skrugga bregður að sjá að barnið hefur fokið inn til hennar. **Hún öskrar.**

Þær setjast svo niður við hlóðirnar og Bergrós biður Bergstein að kveikja ljósin þar. **Bergrós, Skrugga og barnið frjósa, ljósin á sviðinu verða bláleit og það kemur „frosthjóð“ eins og brak í klaka.**

Bergsteinn ýtir á annan takka og **þá heyrast stefið úr „Syngjandi úr rigningunni“ flautað.**

Loks ýtir Bergsteinn á réttan takka og **þá verður lýsingin á sviðinu aftur eins og áður og komin appelsínugul ljós í hlóðirnar.**

Skrugga ruggar sér í ruggustólnum og **Bergsteinn gerir hljóð í hljóðnemann sem hljómar eins og brak í ruggustólnum.**

Appelsínugult ljós flökktir hægt aftast á sviðinu eins og eldur í eldstæði.

YFIRLIT FRAMVINDU



Skrugga þrjónar og stelpa spyr hvað hún er að gera. **Skrugga hrópar upp yfir sig.**

Bergrós **mjálmar hátt** og stelpa spyr hvað þetta hafi verið.

Skrugga segir að þetta sé Jólakötturinn og stelpa verður hrædd að því að hún hefur heyrt að Jólakötturinn éti börn sem fá ekki ný föt í jólagjöf. **Skrugga segir að hann sé sannarlega til og að hann éti lítil börn eins og hana.**

Bergrós biður Bergstein að gera nótt en hann ýtir á vitlausan takka og **lýsingin á sviðinu verður skær eins og bjartur dagur. Sólstrandartónlist spilast undir.** Skrugga rís upp og talar spænsku nokkuð hátt.

Bergrós skammar Bergstein og biður um íslenska vetrarnótt og **lýsingin verður dimm og blá** og við sjáum stjörnur og norðurljós á himninum varpað á bakvegg. **Hæg tónlist hefst, sorgleg en falleg.**

Gluggi kemur frá sviðsvinstri og inn á mitt svið. Barnið stendur upp með kerti og fer að glugganum. Stelpa talar og **syngur svo „Nóttin var sú ágæt ein“.**

Þegar lag klárast stöðvast tónlist og **hvítt ljós kemur fremst á sviðið.**

Bergrós segir að nú þurfi þau að fylla Skruggu af alvöru jólakærleika og að á meðan Skrugga er sofandi skulu þau láta hana finna fyrir sannri jólagleði í draumi. **Töfrandi lýsing birtist á bakvegg** sem mynda jólatré og **töfrahljóð heyrir og ævintýrlegt kórlag, hægt og uppbyggjandi.**

Álfarnir ákveða að syngja öll jólalög sem hafa verið sungin frá upphafi. **Þau syngja syrpu með stuttum búi úr allskyns jólalögum. Tónlistin leiðist yfir í undirspil. Ljósir lifna við í takt við músíkina og verða fjólublá, rauð, appelsínugul og græn.**

Lag klárast. **Tónlist stövast og ljós verða blá og hvít.** Álfarnir átta sig á að krugga er vöknuð. **Skrugga æpir aðeins þegar hún vaknar.**

Skrugga fer að hlóðunum og kallar á pottinn. Potturinn lyftist upp til hennar og hún fær sér graut. Þegra hún slettir grautnum í askinn sinn **gerir Bergsteinn hljóð í hljóðnemann sem hljómar eins og grautur að slettast í skál.**

Skrugga sest við borðið og byrjar að borða grautinn. **Bergsteinn gerir hljóð í hljóðnemann sem hljómar eins og garnagaul.**

Skrugga býður stelpunni rúsínu í grautinn og **Bergsteinn gerir hljóð í hljóðnemann eins og rúsínan sé að fljúga yfir í ask stelpunnar.**

Skrugga býður stelpunni aðra rúsínu, kastar rúsínunni í loftið og **flautar hátt** eins og rúsínan sé að fljúga upp í loft eins og flugeldur.

Svo grípur Skrugga rúsínuna með askinum og **gerir hljóð eins og rúsínan sé að lenda.**

Stelpan biður um meiri graut en **Skrugga bregst illa við og segir nei reiðilega.**

Bergsteinn og Bergrós þurfa að bregðast við þessu og láta tímann líða hratt. Bergsteinn tekur upp klukku og snýr vísunum. **Það kemur taktfast hljóð eins og í klukku, í hægum takti fyrst en svo hraðar og hraðar.**

Undir klukkutaktinum **hljómar tónlist og önnur hljóðmynd rólega.** Á sama tíma breytast ljósin á sviðinu, **þau dæpast og tveir ljósgeislar úr tveimur köstorum flökta til skipts.**

Skrugga og stelpan hreyfa sig um sviðið eins og tíminn sé að líða. **Að lokum fara ljósin aftur í sömu leiklýsingu og áður.**

Skrugga og stelpan sofna, **lýsingin dofna.**

Gluggi rennur á mitt sviðið og **það er lágvær tónlist undir.**

YFIRLIT FRAMVINDU



Stelpan stendur upp og fer að glugganum. **Stelpan syngur viðlagði í „Nóttin var sú ágæt ein“ og ljósinn dempast.**

Stelpan leggst á gólfið og sefur. **Ljósinn kvikna á framsviði.**

Álfarnir þurfi að nota draumavélina hans Bergsteins. Þau ákveða að tengja vélina við Skruggu og Bergsteinn fer að henni í ruggustólnum um leið og **ljósinn á framsviði dempast.**

Bergrós og Bergsteinn segja saman: Vera góð við aðra. **Það heyrir töfrahljóð um leið og myndband af barni og skruggu birtist á bakvegg með töfrastjörnum.**

Bergrós biður krakkana í áhorfendasalnum um að hjálpa sér og segja öll saman „að vera góð við aðra“. **Hópurinn hrópar saman nokkrum sinnum.**

Bergrós gerir aftur töfrahreyfingu og **töfrahljóð og róleg, falleg jólatónlist heyrir og hvít ljós kemur á Skruggu.**

Skrugga er farin að róast og hlær og umlar. Bergdís segir „Takk fyrir hjálpina krakkar“. **Þá hnerrar Bergsteinn hátt og vekur Skruggu.**

Stelpan kallar að Jólakötturinn sé kominn og **aðeins drungaleg tónlist heyrir lágt.**

Stelpan hleypur af sviðinu fram í sal og sest við tækniborðið hans Bergsteins. **Ljósinn breytast, verða græn og rauð.**

Jólakötturinn sem Bergrós og Bergsteinn leika kemur inn frá sviðs vinstri. Jólakötturinn (Bergrós) spyr hvort það séu einhver börn þarna sem fá ekki nýja flík um jólin.

Skrugga bendir á stelpuna og Jólakötturinn fer í áttina að henni og reynir að ná henni. Stelpan leikur á hann, skriður undir hann og grípur í skottið á honum.

Jólakötturinn öskrar.

Stelpan hleypur upp á svið og Jólakötturinn á eftir. Stelpan biður Skruggu að hjálpa sér en Skrugga ýtir henni frá sér. **Jólakötturinn er alveg að fara að éta stelpuna og hljóðmyndin hækkar.**

Skrugga kastar til hennar treflinum og segir að hann sé jólagjöf til hennar frá sér. Jólakötturinn liðast í sundur, **lýsingin verður rauð, og fremri partur kattarins (Bergrós) fer upp á hlóðirnar og brennur með tilheyrandi mjálmi og góli.**

Ljósín kvikna á sviðinu og Skrugga klappar og fagnar því að Jólakötturinn hafi sprungið. Stelpan þakkar Skruggu fyrir trefilinn og Skrugga segist finna aftur sömu tilfinningu og í draumnum. Hún ákveður að vera góð við aðra.

Bergsteinn setur jólatré fremst á sviðið, gerir töfrahreyfinu með höndunum og **það kvikna ljós á trénu um leið og það heyrir töfrahljóð og töfrastjörnur birtast á mynbandi á bakvegg**

Stelpan og Skrugga ákveða að halda jól og borða góðan mat. Þær sjá að það er ekki til góður matur en Bergrós kemur á svið og gerir töfrahreyfingu, **með töfrahljóði og töfrastjörnum á myndbandstjaldinu.**

Borðið sem áður var tómlegt breytist í veisluborð og **það kemur björt lýsing á það.**

Skrugga segist hafa fengið bestu jólagjöfina; að vera hlýtt í hjartanu. Bergsteinn gerir töfrahreyfingu, **það kemur töfrahljóð og töfrastjörnur á bakvegg, og það birtast jólatré bæði aftast á sviðinu og fyrir framan sviðið hægra megin.**

Það kviknar líka ljós á mörgum jólastjörnum og seríum sem hanga í loftinu yfir framsviðinu og það blandast dauf rauð ljós í lýsinguna á sviðinu.

Skrugga biður um að þau syngji „Bráðum koma blessuð jólin“. **Tónlist hefst.**

Þau syngja öll saman, álfarnir, Skrugga og stelpan. Þau biðja áhorfendur að taka undir.

Í lok lags kalla þau til okkar „Gleðileg jól“. Þá fer tjaldið fyrir og **áhorfendur klappa.**

TENGILIÐUR

Frekari upplýsingar um afslappað sýningarhald veitir:

Vala Fannell

vala.fannell@leikhusid.is



Allar fyrirspurnir og ábendingar eru kærkomnar til að bæta upplifun skynsegin einstaklinga af leikhúsinu.